

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 49/2012****2012/EES/43/16****frá 30. mars 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2012 frá 10. febrúar 2012 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/78/ESB frá 20. september 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu *Bacillus thuringiensis* subsp. *israelensis*, sermigerð H14, stofn AM65-52, við í I. viðauka við hana <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/79/ESB frá 20. september 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu fipróníli við í I. viðauka við hana <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/80/ESB frá 20. september 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu lambda-sýshalótríni við í I. viðauka við hana <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/81/ESB frá 20. september 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu deltametríni við í I. viðauka við hana <sup>(5)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12n (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32011 L 0078**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/78/ESB frá 20. september 2011 (Stjtið. ESB L 243, 21.9.2011, bls. 7),
- **32011 L 0079**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/79/ESB frá 20. september 2011 (Stjtið. ESB L 243, 21.9.2011, bls. 10),
- **32011 L 0080**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/80/ESB frá 20. september 2011 (Stjtið. ESB L 243, 21.9.2011, bls. 13),
- **32011 L 0081**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/81/ESB frá 20. september 2011 (Stjtið. ESB L 243, 21.9.2011, bls. 16).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2011/78/ESB, 2011/79/ESB, 2011/80/ESB og 2011/81/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 20, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 25.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 243, 21.9.2011, bls. 7.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 243, 21.9.2011, bls. 10.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 243, 21.9.2011, bls. 13.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 243, 21.9.2011, bls. 16.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

starfandi formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.